

Ár 2009, föstudaginn 26. júní, var dómþing dómstóls ÍSÍ sett að Eiðistorgi 17,
Seltjarnarnesi af Gunnari Guðmundssyni og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

Dómskjöl nr. 1-2 liggja frammi í málinu.

Í ódagsettri kæru sem Ólafur Eiríksson hrl. hefurritað Dómstóli ÍSÍ fyrir hönd kæranda, Halldórs Guðjónssonar kt. 310375-5359, á hendur Landssambandi hestamannafélaga (nefnd stjórnsýslukæra) kemur fram að kæranda varð málið fyrst ljóst er honum barst ákvörðun aganefndar Landssambands hestamannafélaga þann 4. júní 2009 Ákvörðun nefndarinnar var tekin þann 14. maí 2009.

Skrifstofa ÍSÍ barst kæran í hendur þann 15. júní 2009

Samkvæmt grein 24.1. í lögum Íþrótt- og Ölympíusambands Íslands er kærufrestur til dómstóls ÍSÍ ein vika frá því að atvik það, sem kært er bar við eða ástandi lauk ef um ástandsbrot er að ræða séu ekki skemmri frestir ákveðnir í lögum viðkomandi sérsambands.

Af þessu leiðir að kærufrestur er liðinn og ber að vísa máli þessu frá Dómstóli ÍSÍ.

Úrskurður:

Kæru Halldórs Guðjónssonar kt. 310375-5359 á hendur Landssambandi hestamannafélaga er vísað frá Dómstóli ÍSÍ.

F.h. Dómstóls ÍSÍ



Gunnar Guðmundsson hdl.

Dómþingi slitið